

Að undanfögnu hafa heyrst raddir í Þjóðfélaginu þar sem fjallað er um nauðsyn þess að „afglæpavæða“ fíkniefnaneyslu, einkum kannabisneyslu sem nú hefur aukist verulega eftir að innlend ræktun fór fram úr þörfum markaðarins. Raunveruleg þörf fyrir þessa nauðsyn er mér hulin þrátt fyrir að hafa töluverða þekkingu á málaflokknum.

Rétt er þó, áður en lengra er haldið, að halda því til haga að það er langt frá því að „allir séu á kafi“ í hassreykingum eins og heyrst. Hinsvegar eru 2 til 5 % ungmenna í eldri bekkjum grunnskóla og í framhaldsskólum líkleg til að vera í dagneyslu. Mun fleiri hafa prófað en okkar verkefni er að styðja börnin í því að velja að vera edrú.

Vegna þessarar umræðu finnst mér rétt að draga fram nokkur atriði sem ég tel rangfarið með í þessari umræðu allri.

Í fyrsta lagi er neysla fíkniefna mönnum að refsilausu. Það er einungis varsla þessara efna sem er refsiverð og varðar þá sektum ef um lítið magn (neysluskammta) er að ræða.

Í öðru lagi þá færast sekt vegna vörslu fíkniefna sannarlega á sakaskrá en fellur út af almennu sakavottorði þegar fimm ár eru liðin frá broti. Því er ekki um það að ræða að bernskubrek manna fylgi þeim eftir á sakavottorði alla æfi.

Í þriðja lagi getur neysla kannabisefna, og annarra fíkniefna, valdið alvarlegum heilsufarsvandamálum, andlegum og líkamlegum. Bæði til lengri og skemmri tíma. Munum að mikill áróður hefur verið rekinn fyrir skaðsemi reykinga vegna tengingar þeirra við krabbamein. Sama á við um reykingar kannabisefna.

Í fjórða lagi er ljóst að rýmkun heimilda til vörslu efna mun auka við efni í umferð. Sú aukning mun leiða af sér aukið aðgengi og aukið aðgengi leiðir til aukinnar og víðtækari neyslu. Það leiðir aftur af sér fleiri langvarandi heilbrigðisvandamál. Fjármagn til heilbrigðismála er takmarkað í dag. Hver einstaklingur sem hægt er að snúa strax á rétta braut eða forða frá því að prófa getur sparað samfélaginu gríðarlega fjármuni.

Í fimmta lagi eru gríðarleg félagsleg vandamál nú þegar til staðar vegna kannabisneyslu. Heilu fjölskyldurnar eru brotnar. Mörg dæmi eru um einstaklinga sem hafa tapað félagsfærni sinni og eru horfnir inn í herbergin sín og koma einungis fram á nóttunni. Taka ekki þátt í samfélaginu í kring um sig og munu þurfa margra ára endurhæfingu til að komast á fætur á ný.

Að þessu sögðu tel ég rétt að benda á að þeir sem hafa í dag hag af því að selja ungmennum eða öðrum kannabisefni munu ekki hætta ólögmætri dreifingu fíkniefna þó varsla kannabisefna í neysluskömmtum verði leyfð. Líklegt er að þeir muni þá færa sig yfir í harðari efnin og halda þeim að ungmennum sem búið er að brjóta mótstöðu hjá með því að gefa þeim kannabisefnin. Með öðrum orðum þá munu þeir í fæstum tilfellum gerast heiðarlegir og umhyggjusamir þátttakendur í forvarnarstarfi. Í því sambandi er óhætt að vísa til reynslu Hollendinga sem eru nú í verulegum vanda með heroínneyslu barna á aldrinum 13 til 16 ára. Þar á bæ eru lögreglumenn sammála um að þegar hætt var að takast á við grammið á götunni hafi fíkniefnastríðið tapast.

Fjöldi ungmenna hefur sagt lögreglu að það hafi jú prófað efnin en ákveðið að nota þau ekki því löggan léti þau þá ekki í friði. Því er ljóst að aðhald af eftirliti lögreglu er mikið.

Það er hlutverk okkar fullorðna fólksins að búa börnum okkar sæmilega öruggt þjóðfélag til að búa og alast upp í. Við höfum ekki heimild til þess að gefast upp þó verkefnið verði erfitt. Um það er ekki val. Við megum heldur ekki láta undan auglýsingastarfsemi þeirra sem hafa hag af því að selja fíkniefni og eru, ólíkt forvarnarstarfsemi, óháðir fjárframlögum opinberra aðila til að sinna sinni vinnu.

Við þekkjum leiðirnar í forvarnarstarfinu, höfum náð góðum árangri hvað varðar tóbaksnotkun og áfengisneyslu ungmenna og það er ekkert því til fyrirstöðu að heimfæra fræðin yfir á kannabisneysluna

Það sætir nokkurri furðu hversu lítið hefur heyrst um þetta mál frá þeim sem með ungmennum starfa, sem og foreldra- og æskulýðsfélögum. Ég skora á þessa aðila og þingmenn Íslendinga að girða sig í brók og segja nei við fíkniefnum og styðja þannig við uppaldur komandi kynslóða í verkefni sínu.

Oddur Árnason.